

114. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi miðvikudaginn 21. september 2022. Fundur hófst kl. 17:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Lovísa María Sigurgeirsdóttir og Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, nýr framkvæmdastjóri Menningarfélagsins Bergs ses.

#### Dagskrá:

1. Nýr framkvæmdastjóri boðinn velkominn til starfa.
2. Staða í viðræðum við Dalvíkurbyggð um rekstur Menningarhússins Bergs.  
Tillögur stjórnar Menningarfélagsins Bergs varðandi framtíðarfyrirkomulag reksturs á Menningarhúsinu Bergi eru svohljóðandi:

Menningarfélagið Berg afsali sér gildandi styrktarsamningi við Dalvíkurbyggð frá og með næstu áramótum. Styrkurinn hefur numið 50% stöðu framkvæmdastjóra ásamt ákveðinni fjárhæð til reksturs. Eftir breytingar áskilur Menningarfélagið sér rétt til að sækja um styrki í Menningarsjóð Dalvíkurbyggðar í framtíðarverkefni félagsins.

Menningarfélagið Berg afsali sér gildandi afnotasamningi félagsins við Dalvíkurbyggð um næstu áramót.

Menningarfélagið Berg njóti, án fjárútláta, þjónustusamnings um bókhalds og launavinnslu hjá Dalvíkurbyggð þar til ársreikningur 2022 liggur fyrir og hefur verið staðfestur á aðalfundi Menningarfélagsins Bergs.

Menningarfélagið Berg og Dalvíkurbyggð eru sammála um að stefnt skuli að því að rekstur veitingasölu í Bergi verði að fullu leigður út til þriðja aðila. Þar til svo verður sinni Menningarfélagið Berg veitingasölu í húsinu í samstarfi við mismunandi umsjónaraðila, án sérstakrar þóknunar frá Dalvíkurbyggð og án þess að greiða leigu fyrir afnot af húsnæðinu. Á móti kemur að Menningarfélagið Berg og Dalvíkurbyggð skipta jafnt á milli sín tekjum af sölu sem öll fer fram í gegnum kassakerfi Menningarfélagsins Bergs. Gert verði upp í lok hvers árs.

Menningarfélagið Berg og Dalvíkurbyggð semji um að Dalvíkurbyggð kaupi allan búnað, tæki og annað sem Menningarfélagið hefur komið sér upp til reksturs veitingasölu og veisluhalda, ef til þess kemur að þriðji aðili leigi rekstur veitingasölu af Dalvíkurbyggð. Kaupverð miðast við eignfærða stöðu á þeim tíma.

Menningarfélaginu Bergi verði breytt í áhugamannafélag sem opnað verði almenningi. Markmið þess verði að standa að viðburðum í Dalvíkurbyggð. Greiðslur til stjórnar Menningarfélagsins Bergs falli niður frá 1. janúar 2023.

3. Uppgjör við fráfarandi framkvæmdastjóra. Formanni falið að ganga frá því í samræmi við umræður á fundinum.

4. Minnisblað framkvæmdastjóra:

- a) Stjórnin er sammála um að öllum sé opið að sækja um að vera með viðburði í Menningarhúsinu Bergi. Forstöðumaður afgreiði þær umsóknir.
- b) Viðburðir framundan, s.s. Klassík í Bergi þann 7. október þar sem Trío Akureyrar kemur fram. Verið að kanna möguleika á að tengja fleira þeim viðburði. Stefnt að hrekkjavökugleði þann 29. október en því hafnað að sækja um tækifærisleyfi fyrir gleðskap fram yfir klukkan 23. Stefnt er að viðburði tengdum Bleiku slaufunni.
- c) Umræða um stefnu, gjaldskrá og þrif tengt einkaviðburðum í Bergi. Ákveðið að fyrir alþrif greiðist kr. 30.000.
- d) Til að auka sýningarmöguleika í húsinu væri æskilegt að fá færanlegan sýningarvegg. Einnig rætt um annan æskilegan útbúnað í húsinu. Ákveðið að halda að sér höndum með slíkt í bili.
- e) Formanni falið að ganga í uppfærslu á upplýsingum um Menningarfélagið Berg ses hjá Ríkisskattstjóra og ganga frá prókúru fyrir nýja framkvæmdastjórann.
- f) Samþykkt að ráða starfsmann, sem kom til okkar í tengslum við Virk, í hlutastarf til áramóta til að hafa umsjón með kaffihúsinu einhverja daga í viku þegar enginn er með það á leigu.
- g) Forstöðumaður hefur gert samninga við þrjá aðila sem hægt er að leita til um veitingasölu þegar viðburðir eru í húsinu. Alltaf er opið fyrir fleiri áhugasama umsjónarmenn með veitingasölu í Menningarhúsinu Bergi.
- h) Ennþá hefur enginn bókað húsið fyrir jólahlaðborð. Forstöðumanni falið að auglýsa húsið sérstaklega fyrir slíkt.
- i) Umhverfisstefna er ekki til fyrir Menningarhúsið Berg. Forstöðumanni falið í samstarfi við forstöðumann safna að leggja drög að slíkri stefnu ef tími vinnst til.

Fundi slitið kl. 19:40.